

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 29. janúar 2018 í máli nr. E-2578/2016:

Landsbankinn hf.

(Ásgeir Jónsson lögmaður)

gegn

Gunnari Gíslasyni

(Börkur Ingi Jónsson lögmaður)

Mál þetta, sem dómtekið var 6. desember sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu þingfestri 8. september 2016 af Landsbankanum hf., Austurstræti 11, 155 Reykjavík, f.h. Landsbankans hf., Bíla- og tækja, Borgartúni 33, 105 Reykjavík, á hendur Gunnari Gíslasyni, Eggertsgötu 18, 101 Reykjavík.

I.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 2.245.972 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af 2.245.972 kr. frá 6. júní 2014 til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar með virðisaukaskatti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda.

Til vara er krafist lækkunar á kröfum stefnanda sem nemi 1.997.134 kr.

Til þrautavara er krafist lækkunar á kröfum stefnanda sem nemi 1.901.504 kr.

Til þrautaþrautavara er krafist lækkunar á kröfum stefnanda sem nemi 1.767.622 kr.

Til þrautaþrautaþrautavara er krafist lækkunar á kröfum stefnanda sem nemi 1.604.193 kr.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar með virðisaukaskatti.

Stefndi krafðist upphaflega í greinargerð sýknu og til vara að krafa yrði lækkuð sem næmi 2.226.801 krónu, en lagði fram breytta kröfugerð í upphafi aðalmeðferðar.

II.

Málsatvik

Helstu málsatvik eru þau að SP Fjármögnun hf., sem leigusali, og stefndi, sem leigutaki, gerðu bílasamning, merktan SBB-71342, dags. 31. október 2007.

Samningsverð var 1.827.600 kr. og samningurinn var gengistryggður. Leigumunur var AUDI A4, fastanúmer UR-176, fyrsti skráningardagur 15. janúar 2002, árgerð 2000. Samkvæmt samningnum fékk stefndi umráð leigumunarins gegn mánaðarlegum leigugreiðslum. Stefndi greiddi af skuld sinni við stefnanda þann 31. janúar 2008 en fleiri innborganir bárust ekki, þrátt fyrir innheimtutilraunir. Þann 15. maí 2008 var bifreiðin tekin úr vörslum stefnanda vegna verulegra vanefnda.

Stefnandi tók yfir réttindi og skyldur upphaflegs leigusala við samruna í janúar 2011, samanber auglýsingu Fjármálaeftirlitsins frá 14. júní 2011 um samruna Avant hf. og SP Fjármögnunar hf. við sóknaraðila.

Í 16. gr. samningsins kemur fram að sé samningi slitið af hálfu leigusala vegna vanefnda eða með öðrum hætti slitið á samningstímanum beri leigutaka að standa skil á greiðslum sem tiltekna eru í fimm liðum. Síðan er mælt fyrir um það að frá kröfum leigusala þegar bifreið hefur verið skilað skuli draga verðmæti bifreiðarinnar samkvæmt svofelldri reglu:

„Frá kröfu SP skv. 1-5 tl. 1. mgr. skal, þegar skil bifreiðar hefur átt sér stað skv. 15. gr., krefjist SP skila á bifreiðinni, draga verðmæti bifreiðarinnar eins og það reynist samkvæmt eftirfarandi reglu: Ástandsskoðun er gerð á bifreið þar sem metinn er viðgerðarkostnaður hennar og annar kostnaður, sem fellur til vegna bifreiðar fram að fullnaðaruppgjöri, s.s. bifreiðagjöld, tryggingargjöld, flutningur og sektir, er lagður ofan á heildarskuld samningsins. Uppítökuverð sambærilegrar bifreiðar í eðlilegu ástandi er fengið úr viðurkenndu verðmatskerfi Bílgreinasambandsins, af þeirri upphæð er tekinn 15% áætlaður kostnaður fram að sölu bifreiðar, eftirstöðvar uppitökuverðs eru svo dregnar frá heildarskuld samningsins. Hafi leigutaki ekki mótmælt ofangreindu mati eða uppgjöri skriflega innan 7 daga frá því matið var sannanlega sent til hans, á uppgefðu heimilisfang, skal litið á það sem samþykkt. Ef mótmæli berast er SP heimilt að láta selja bifreiðina á uppboði hjá sýslumaningum í Reykjavík í óbreyttu ástandi frá skilum hennar.“

Ágreiningur er um það hvort uppgjör vegna innlausnar bifreiðarinnar hafi farið fram í samræmi við ákvæði samnings aðila. Bifreiðin var ekki flutt inn af hérlandum umboðsaðila Audi, sem er Hekla, heldur var hún flutt inn frá Bandaríkjunum. Ekki lá því fyrir uppitökuverð sambærilegrar bifreiðar í eðlilegu ástandi úr verðmatskerfi Bílgreinasambandsins, en stefnandi fékk verðmat á bílinn hjá bílasala, sem kvað verðið ekki vera hærra en 700.000 kr. Metinn viðgerðarkostnaður skv. kostnaðarmatsskoðun á vegum stefnanda var 685.000 kr. Innlausnarverð bifreiðarinnar skv. útreikningum stefnanda var því 15.000,00 kr., sem stefnda hafi, að sögn stefnanda, verið tilkynnt um með bréfi dagsettu 4. júní 2008. Bréf þetta ber með sér að hafa verið sent stefnda á Langholtsveg 149, 104 Reykjavík, en stefndi var þá búsettur í Kaupmannahöfn. Í bréfinu var stefnda

gefinn sjö daga frestur frá dagsetningu bréfsins til að gera athugasemdir við uppgjörið. Eftirstöðvar skuldar stefnda, að teknu tilliti til innlausnar bifreiðarinnar, voru samkvæmt því 2.573.046 kr. Þá var söluuppgjör stefnanda, dags. 4. október 2010, einnig sent á þetta heimilisfang. Stefndi, sem kveðst hafa verið búsettur óslitið í Kaupmannahöfn frá 17. janúar 2008 til 28. september 2015, heldur því fram að hann hafi ekki séð umrædd skjöl fyrr en hann hafi óskað eftir þeim í tölvuskeyti til leigusala 6. júlí 2009 og fengið þau send 4. ágúst sama ár.

Með kaupsamningi dagsettum 7. október 2008 seldi SP Fjármögnun hf. bifreiðina og var söluverðið 600.000 kr. Munurinn á kaupverðinu og fyrra innlausnarverði að frádregnum útlögðum kostnaði vegna ástandsskoðunar, áfallinna vaxta frá 12. júní 2008 fram að kaupsamningi og 1.800 kr. seðilgjaldi, 572.890 kr., var dreginn frá eftirstöðvum skuldarinnar.

Samningurinn sem um ræðir var gengistryggður. Í kjölfar dóma á árinu 2010 og setningar laga nr. 15/2010, sem breyttu ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sem og dóma Hæstaréttar nr. 600/2011, 464/2012 og 50/2013, voru eftirstöðvar og greiðslur lánsins leiðréttar. Stefnda var sendur endurútreikningur dagsettur 6. júní 2014. Sá endurútreikningur var síðar leiðréttur á þá leið að uppgjör vegna sölu bifreiðarinnar var hækkað þar sem bankinn féll frá hluta frádráttarliða sem fram koma í söluuppgjöri. Staða skuldar stefnda fyrir leiðréttingu var skv. útreikningum stefnanda 3.027.499 kr. Með endurútreikningi voru eftirstöðvar lækkaðar um 781.527 kr. Eftir stóðu 2.245.972,00 kr., sem er stefnufjárhæðin í málinu.

III.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á framlögðum kaupleigusamningi nr. SBB-71342 vegna leigumunarins UR176 Audi a4, árgerð 2000, sem dagsettur er 31. október 2007, og samningsverðið er 1.827.600 kr.

Samkvæmt samningnum hafi stefndi fengið umráð leigumunarins gegn mánaðarlegum leigugreiðslum. Stefndi hafi greitt einu sinni af skuld sinni við stefnanda og það þann 31. janúar 2008. Fleiri innborganir hafi ekki borist, þrátt fyrir innheimtutilraunir. Þann 15. maí 2008 bifreiðin verið tekin úr vörslum stefnda vegna verulegra vanefnda.

Uppgjör vegna innlausnar bifreiðarinnar hafi farið fram í samræmi við ákvæði samnings aðila. Bifreiðin hafi ekki verið flutt inn af hérlendum umboðsaðila og því hafi ekki verið mögulegt að fá uppítökuverð sambærilegrar bifreiðar í eðlilegu ástandi úr verðmatskerfi Bílgreinasambandsins. Þar af leiðandi hafi verðmæti sambærilegrar bifreiðar í eðlilegu ástandi verið fengið frá bílasala, sem sagði það

ekki hærra en 700.000 kr. Metinn viðgerðarkostnaður skv. kostnaðarmatsskoðun hafi verið 685.000 kr. Innlausnarverð bifreiðarinnar hafi því verið 15.000 kr., sem stefnda hafi verið tilkynnt um með bréfi dagsettu 4. júní 2008. Þar hafi stefnda verið gefinn sjö daga frestur frá dagsetningu bréfsins til að gera athugasemdir við uppgjörið, sem stefndi hafi ekki gert. Eftirstöðvar skuldar stefnda, að teknu tilliti til innlausnar bifreiðarinnar, hafi því verið 2.573.046 kr., sem stefnda hafi í kjölfar riftunar borið að standa skil á.

Samningurinn, sem um ræðir, hafi verið gengistryggður. Í kjölfar dóma á árinu 2010 og setningar laga nr. 15/2010, sem breyttu ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sem og dóma Hæstaréttar nr. 600/2011, 464/2012 og 50/2013, hafi eftirstöðvar og greiðslur lánsins verið leiðréttar. Stefnda hafi verið sendur endurútreikningur dagsettur 6. júní 2014. Sá endurútreikningur hafi síðar verið leiðréttur á þá leið að uppgjör vegna sölu bifreiðarinnar var hækkað þar sem bankinn féll frá hluta frádráttarliða, sem fram koma í söluuppgjöri. Staða skuldar stefnda fyrir leiðréttingu hafi verið 3.027.499 kr. Með endurútreikningi hafi eftirstöðvar verið lækkaðar um 781.527,00 kr. Eftir standi 2.245.972 kr., sem er stefnufjárhæðin í máli þessu. Á þessum tíma hafi lánstíminn verið liðinn. Af þeim sökum hafi stefnda verið veittur frestur í 21 dag frá dagsetningu endurútreikningsins til að semja um lúkningu skuldarinnar án þess að dráttarvextir reiknuðust af höfuðstól hennar. Það hafi stefndi ekki gert. Stefnufjárhæðin og dráttarvextir miðist þar af leiðandi við fyrrgreint tímamark, 6. júní 2014.

Stefnandi hafi tekið yfir réttindi og skyldur upphaflegs leigusala við samruna í janúar 2011, samanber auglýsingu Fjármálaeftirlitsins frá 14. júní 2011 um samruna Avant hf. og SP Fjármögnunar hf. við stefnanda. Skuld þessi hafi ekki fengist greidd, þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir, og því verið nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefnandi vísar til meginreglna samningaréttarins um skuldbindingargildi loforða og skyldu til að efna samninga, en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum nr. 7/1936. Einnig er vísað til vanefndaákvæða samningsins sjálfs. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og beri honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Varðandi varnarþing vísast til skilmála samnings aðila, sbr. 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991.

IV.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi tekur fram að hann hafi verið búsettur í Kaupmannahöfn óslitið frá 17. janúar 2008 allt fram til 28. september 2015. Því til sönnunar er lagt fram dskj. nr. 16 varðandi skráningu búsetu í Kaupmannahöfn. Þá hafi stefnandi sent ýmis skjöl, sem lögð eru fram í málinu, á eldra heimilisfang stefnda hér á landi og þau skjöl ekki borist stefnda fyrr en síðar. Þetta eigi við um dskj. nr. 10, bréf, dags. 4. júní 2008, sent stefnda á Langholtsveg 149, 104 Reykjavík, með yfirliti um uppgjör á umræddum bílasamningi og dskj. nr. 12, söluuppgjör vegna samningsins, dags. 4. október 2010, einnig sent á sama heimilisfang. Stefndi hafi ekki séð umrædd skjöl fyrr en hann óskaði sérstaklega eftir þeim í tölvuskeyti dags. 6. júlí 2009. Stefndi hafi ítrekað fyrirspurn sína en umrædd gögn hafi svo borist til stefnda þann 4. ágúst 2009, en stefndi hafi gert athugasemdir við uppgjorið samdægurs. Stefndi hafi ekki svarað athugasemdum stefnda.

Þá sé enn fremur rétt að geta þess að umrætt ökutæki lenti í tjóni þann 18. mars 2008 og kaus Tryggingamiðstöðin að gera við það fyrir 863 þús. kr. í stað þess að greiða tækið út.

Stefndi byggir kröfu sína um sýknu á því að krafa stefnanda sé fyrnd. Umræddur bílasamningur sé undirritaður 31. október 2007. Lúti hann því ákvæðum eldri laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, sbr. 28. gr. núgildandi laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Samkvæmt 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 fyrnist kröfur um leigu á lausafjármunum á fjórum árum. Af hálfu stefnda er á því byggt að hann hafi alla tíð gengið út frá því að samningur aðila væri leigusamningur. Skv. 2. gr. skilmála samningsins sé þannig tekið fram að leigutaki skuli greiða leigugjald, á umsömdum gjalddögum, þá sé hver einstök leigugreiðsla greiðsla fyrir notkun. Er í því sambandi byggt á því að stefnandi hafi allan samningstíma aðila verið eigandi ökutækisins og að stefndi hafi haft það á leigu. Stefndi, sem hafði ekki sérþekkingu á fjármálagerningum, hafi ekki getað dregið aðra ályktun af lestri samningsins en að um væri að ræða leigusamning.

Af hálfu stefnda er svo á því byggt að sú staðreynd að Hæstiréttur hafi síðar (Hrd. 92/2010) túlkað umrædda samninga sem lánessamninga geti það ekki leitt til hagsbóta fyrir stefnanda með lengri fyrningartíma kröfunnar. Rétt sé að geta þess að stefnandi hafi sjálfur haldið því fram fyrir dómi í framangreindu máli að sambærilegur samningur teldist leigusamningur. Þá sé ljóst að stefnandi hafi sjálfur samið samninginn og þá stöðluðu skilmála, sem um hann giltu en stefndi hafi með öllu verið grandlaus um að samningurinn teldist í raun vera lánessamningur. Þá hafi stefnandi kynnt samninginn sem leigusamning fyrir stefnda. Í ljósi framangreinds hafi stefndi haft réttmætar væntingar um að ef samningnum yrði rift myndi fjögurra ára fyrningartími gilda um eftirstæða kröfu stefnanda með vísun í 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905.

Umræddum samningi var rift þann 4. júní 2008. Með vísun í 5. gr. laga nr. 14/1905 teljist fyrningartími kröfunnar frá þeim degi. Að þessu virtu er á því byggt af hálfu stefnda að umrædd krafa hafi liðið undir lok þann 4. júní 2012. Þá sé ekkert í gögnum málsins sem bendi til þess að fyrningu hafi verið slitið á umræddu tímabili og því beri að sýkna stefnda.

Verði ekki sýknað af framkomnum málsástæðum stefnda er byggt á því að kröfur stefnanda séu fallnar niður fyrir tómlæti hans. Af framlögðum gögnum stefnanda megi sjá að frá 4. október 2010 til 6. júní 2014, eða tæp fjögur ár, hafi stefnandi ekkert aðhafst til að reyna að fá efndir kröfu sinnar. Byggir stefndi á dómi Hæstaréttar nr. 114/2014 sem fordæmi að þessu leyti. Í niðurstöðu Hæstaréttar sagði m.a. að hvað sem liði ætlaðri grandsemi G um það hvort hann hefði vitað eða mátt vita að greiðsla hans hefði verið ófullnægjandi þegar hann hefði innt hana af hendi yrði ekki fram hjá því horft að frá þeim tíma hefðu liðið tæp þrjú ár þar til F ehf., sem væri bókhaldsskylt atvinnufyrirtæki, hefði hafist handa við að innheimta skuldina. Hefði F ehf. sýnt af sér stórfellt tómlæti og væri krafa félagsins fallin niður af þeim sökum. Var G því sýknaður af kröfu F ehf. Þá verði í þessu sambandi enn fremur að líta til þess að stefndi fékk ekki framangreind gögn fyrir en hann leitaði sérstaklega eftir þeim, svo sem reifað hefur verið.

Stefndi byggir varakröfu sína í greinargerð um lækun á kröfu stefnanda einkum á tveimur atriðum. Annars vegar hafi uppgjör vegna innlausnar bifreiðarinnar ekki verið í samræmi við ákvæði samningsins og verulega óhagstætt og ósanngjarnt fyrir stefnda. Á grundvelli 16. gr. samningsins hafi átt að miða uppgjör við verð bifreiðarinnar skv. verðmatskerfi Bílgreinasambandsins. Af hálfu stefnda er á því byggt að verðmat starfsmanns Heklu hafi verið verulega ósanngjarnt og ótækt að leggja til grundvallar uppgjöri á lögskiptum aðila enda hafi verið um að ræða samningsbrot stefnanda með tilliti til 16. gr. samningsins. Líta verði til þess að umrætt ökutæki var af bandarískri gerð og hafði verið flutt inn án tilstuðlanar Heklu. Í ljósi þess að Hekla hefur verið umboðsaðili á Íslandi fyrir Audi megi vera ljóst að félagið hafi sérstaka hagsmuni af því að bílar sem ekki séu sérstaklega fluttir inn í gegnum umboðið séu metnir á lægra verði en ella. Engin haldbær rök séu fyrir því að umrætt ökutæki hafi verið verra eða verðminna fyrir þær sakir að það hafi verið af bandarískri gerð og Hekla hafi ekki séð um innflutning þess.

Þá telur stefndi að söluverð ökutækisins þann 7. október 2008 að fjárhæð 600.000 kr. hafi verið allt of lágt. Stefndi telur að hann hefði hæglega getað fundið kaupanda til að bjóða herra verð fyrir ökutækið á umræddum tíma ef hann hefði fengið tækifæri til þess. Ekkert samráð hafi verið haft við stefnda þegar bifreiðin hafi verið seld. Þá er á því byggt að sérstakt samnings samband hafi verið á milli SP

Fjármögnunar og Bílasölu Íslands um að Bílasalan fengi að kaupa ökutæki á „heildsöluverði“ í þeim tilgangi að selja þau aftur með hagnaði. Umrætt söluverð endurspeglir því ekki venjulegt markaðsverð bifreiðarinnar. Stefndi hafi skorað á stefnanda að upplýsa um fjölda bílaviðskipta á milli SP Fjármögnunar og Bílasölu Íslands á árunum 2008–2010 til að varpa nánara ljósi á þetta.

Þá bendi sú staðreynd að Tryggingamiðstöðin hafi kosið að greiða fyrir viðgerð ökutækisins eftir tjón, dags. 18. mars 2008, 863.525 kr., til þess að ökutækið hafi verið meira virði. Öðrum kosti megi vera ljóst að tryggingafélagið hefði kosið að greiða bílinn út. Fyrsti skráningardagur umrædds ökutækis var 15. janúar 2002. Umræddum bílasamningi var rift þann 4. júní 2008 og var ökutækið því um sex ára og fimm mánaða á þeim tíma. Til viðmiðunar hefur stefndi sett inn sambærilegt ökutæki í reiknivélina nú, miðað við skráningardag 1. maí 2009, sem nú væri sex ára og fimm mánaða gamall bíll. Er þar viðmiðunarverðið. Af hálfu stefnda er á því byggt að miða eigi við það verð.

Með vísan í framangreint er á því byggt af hálfu stefnda að krafa stefnanda skuli lækka sem nemi 1.137.000 kr. en sú tala er mismunurinn á söluandvirði ökutækisins, 600.000 kr., og eðlilegu söluverðmæti bifreiðarinnar frá 1.737.000 kr.

Í annan stað feli krafa stefnanda í sér hluta vaxta sem séu fyrndir. Vextir kröfunnar fyrnist á fjórum árum skv. 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905. Þannig séu vextir sem séu eldri en fjögurra ára frá birtingu stefnu fyrndir. Birting stefnu hafi verið þann 4. september 2016. Því séu vextir fram að 1. september 2012 fyrndir. Neðangreind tafla dragi saman umrædda vexti en tölur byggist á útreikningum stefnanda sem finna má í dskj. 6.

Dags. frá	Dags. til	Vaxtaprós.	Fjárhæð
1/1/2008	1/1/2009	17,75%	324.399
1/1/2009	1/1/2010	14,08%	303.073
1/1/2010	1/1/2011	7,78%	190.882
1/1/2011	1/1/2012	5,31%	140.456
1/1/2012	1/9/2012	5,92%	111.819

Með vísun í framangreint sé krafist lækkunar á dómkröfu stefnanda að fjárhæð 1.070.629 kr. vegna þessa liðar. Þegar tekið hafi verið tillit til þeirra krafna stefnda sem að framan greinir, hvort sem tekið sé tillit til þeirra allra í senn eða einstakra liða að hluta eða í heild, sé á því byggt af hálfu stefnda að hann hafi lögvarinn rétt til að greiða helming þeirra eftirstöðva sem þá eftir standa með vísan til b-liðar bráðabirgðaákvæðis XV í lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Sé þannig fyrsta kastið fallist á báðar kröfur stefnda um lækkun dómkröfu, þ.e. að væri $1.070.629 + 1.137.000 = 2.207.629$ dregið frá dómkröfu kr. 2.245.972 væru eftirstöðvar kr. 38.343. Með vísan í b-lið bráðabirgðaákvæðis XV í lögum nr. 38/2001 ætti stefndi þá að greiða helming, eða 19.172 kr.

Í upphafi aðalmeðferðar lagði stefndi fram breyttar varakröfur eins og rakið hefur verið og byggðu þær á mismunandi verðmæti umrædds ökutækis.

Kröfur sínar byggir stefndi á lögum nr. 14/1905, um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, sérstaklega 2. tl. 3. gr., meginreglum samningaréttar um að samninga skuli halda. Um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, og laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

V.

Niðurstaða

Þrátt fyrir að í stefnu komi fram að stefnandi byggi kröfu sína á kaupleigusamningi vegna leigumunarins UR176 Audi a4 og í stefnu að öðru leyti á því byggt að um leigusamning hafi verið að ræða verður, með vísan til ítrekaðra fordæma Hæstaréttar í málum varðandi sambærilega samninga, ráðið að líta beri á samning þann, sem hér um ræðir, sem peningalán. Verður því að miða við að um lánið hafi gilt 10 ára fyrningarfræstur, sbr. 4. gr. laga nr. 14/1905. Umræddur samningur var undirritaður 31. október 2010 og lýtur hann því samkvæmt 28. gr. nágildandi laga nr. 150/2007 ákvæðum eldri laga nr. 14/1905. Umræddum samningi var rift 4. júní 2008 og var krafa stefnanda því ófyrnd þegar stefna í málinu var birt 1. september 2016.

Við uppgjör á bílasamningunum fór SP Fjármögnun hf. ekki eftir ákvæðum 16. gr. sammingsins og stefnandi hefur ekki sýnt fram á að uppgjör hafi verið kynnt stefnda í samræmi við ákvæði sammingsins. Stefndi fékk ekki umrædd gögn sannanlega í hendur fyrr en 4. ágúst 2009, en þá gerði hann þegar athugasemdir við uppgjörið.

Hins vegar verður ekki horft fram hjá því að upphaflegur leigusali og stefnandi, bókhaldsskyld atvinnufyrirtæki, hófust ekki handa um að fá efnidir kröfu

sinnar frá 4. október 2010 til 6. júní 2014 eða í tæp fjögur ár. Með þessu stórfellda tómlæti stefnanda um að halda fram rétti sínum til greiðslu er krafa hans fallin niður fyrir tómlætissakir. Þegar af þeirri ástæðu er stefndi sýknaður af kröfu stefnanda.

Að fenginni þessari niðurstöðu og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn eins og nánar er kveðið á um í dómsorði.

Vegna embættisanna dómara hefur uppkvaðning dóms dregist umfram frest skv. 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Aðilar eru sammála dómara um að ekki sé þörf á endurflutningi málsins.

Þórður Clausen Þórðarson héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnar Gíslason, er sýkn af kröfum stefnanda, Landsbankans hf.

Stefnandi greiði stefnda 600.000 kr. í málskostnað.

Þórður Clausen Þórðarson